

5., 6. OG 7. JANÚAR
2023

HARPA
ELDBORG



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Vínartónleikar Sinfóníunnar

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Lengd tónleikanna er um það bil
tvær klukkustundir með hléi

Tónlistarflutningur í framhúsi:
Magnús Jóhann Ragnarsson

Ljósahönnun:
Helgi G. Thoroddsen

Blómaskreytingar:
Ragnhildur Fjeldsted

Í tilefni Vínartónleikanna
er selt svalandi freyðivín
á börum í hléi.

**Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV
og sendir út 8. janúar kl. 16:05 á Rás 1**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Vínartónleikar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ross Jamie Collins

Hljómsveitarstjóri

Dísella Lárusdóttir

Einsöngvari

Jóhann Kristinsson

Einsöngvari

Dansarar

Þorkell Jónsson

Denise Margrét Yaghi

Gylfi Már Hrafnsson

María Tinna Hauksdóttir

Eiður Fannar Gapunay

Þórdís Birna Kristmannsdóttir

Johann Strauss yngri

Die Fledermaus (Leðurblakan)

forleikur

Spiel ich die Unschuld vom Lande

aríá úr Leðurblökunni

Franz Lehár

O Vaterland du machst bei Tag

aríá úr óperettunni Káta ekkjan

Mel Bonis

Valse espagnole

úr Les Gitanos (úts. Adolphe Gauwin)

Johann Strauss yngri

Uhrenduett

dúett úr Leðurblökunni

Kaiserwalzer (Keisaravalsinn)

HIÉ

Johann Strauss yngri

Wiener Blut

Vínarvals

Carl Millöcker

Dunkelrote Rosen

aríá úr óperettunni Gasparone

Franz Lehár

Vilja-Lied

aríá úr óperettunni Káta ekkjan

Johann Strauss yngri

Annen-Polka

hægur polki

W. A. Mozart

La ci darem la mano

dúett úr óperunni Don Giovanni

Johann Strauss yngri

An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Ross Jamie Collins

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Bresk-finnski hljómsveitarstjórinn Ross Jamie Collins er ungur að árum en hefur þegar vakið athygli í tónlistarheiminum fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika og persónutöfra, en hann starfar nú undir handarjaðri Esa-Pekka Salonen við Sinfóníuhljómsveitina í San Fransisco og hefur samhliða framhaldsnámi sínu við Colburn-konservatoríið í Los Angeles aðstoðað hann með öðrum hljómsveitum. Má þar nefna hljómsveitina Philharmonia í Lundúnum, NDR Elbphilharmonie Orchester, Helsinki-Fílharmóníuna, Orchestre de Paris, Houston Symphony Orchestra og Philadelphia Orchestra. Ross lærði hljómsveitarstjórn frá unga aldri við fótiskör hins mikla, finnska hljómsveitarstjóra og kennara Jorma Panula, sem kennt hefur mörgum af þeim finnsku hljómsveitarstjórum sem látið hafa til sín taka í tónlistarheiminum síðustu ár og nægir þar að nefna nöfn á borð við Esa-Pekka Salonen, Mikko Franck, Osmo Vänskä, Sakari Oramo, Jukka-Pekka Saraste, Klaus Mäkelä og Santtu-Matias Rouvali.

Ross Jamie Collins fæddist í Nottingham á Englandi árið 2001 en hefur búið í Helsinki síðan 2008 þar sem hann fjórtán ára gamall hóf nám í hljómsveitarstjórn hjá Klaus Mäkelä. Árið 2017 stofnaði hann sína eigin sinfóníuhljómsveit, Symphony Orchestra ROSSO, og stjórnaði fullvaxinni sinfónískri dagskrá á tónleikum aðeins fimmtán ára gamall. Hann hreppti síðan þriðju verðlaun í sjöundu Jorma Panula-hljómsveitarstjórakeppninni 2018.

Ross Jamie Collins þreytti frumraun sína með Philharmonia-hljómsveitinni í Lundúnum í maí 2022, en stjórnar á komandi ári einnig hljómsveitum á borð við Sinfóníuhljómsveitina í San Fransisco og Fílharmóníusveitina í Turku.



Dísella Lárusdóttir

EINSÖNGVARI

Dísella Lárusdóttir hefur unnið hvern listrænan sigurinn á fætur öðrum að undanförunu sem söngkona við Metrópólitan-óperuna í New York. Söngur hennar hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda, til að mynda í stórblaðinu New York Times sem hrósaði henni fyrir fádæma nákvæmni í bland við magnaða túlkun í hlutverki sínu sem Tye drottning í uppsetningu Phelims McDermott á óperu Philips Glass, *Akhnaten*. Síðasta vor hlaut Dísella einmitt hin virtu Grammy-verðlaun ásamt félögum sínum úr uppsetningunni fyrir bestu óperuhljóðritun síðasta árs.

Dísella þreytti frumraun sína hjá Metrópólitan í mars 2013 en síðan þá hefur hún sungið í liðlega 10 uppsetningum og hafa þrjár þeirra, *Francesca da Rimini* eftir Riccardo Zandonai, *Rusalka* eftir Antonin Dvorák og *Marnie* eftir Nico Muhly ratað í beina útsendingu í kvikmyndahús um allan heim. Veturinn 2019-20, eða áður en heimsfaraldur setti starf óperuhúsa víða um heim úr skorðum, söng hún fjölbreytt hlutverk við Metrópólitan – þar með talið Giannettu í *Ástardrykknum* eftir Donizetti, Papagenu í *Töfraflautu* Mozarts og Woglinde í *Götterdämmerung* eftir Wagner, auk áður nefndrar uppsetningar á *Akhnaten* Philips Glass.

Dísella hefur einnig látið til sín taka á óperusviðinu í Evrópu á síðustu árum en frumraun hennar á meginlandinu var í óperu Albans Berg, *Lulu*, í Róm 2017. Dísella hefur víða komið fram sem einsöngvari á tónleikasviði, meðal annars í Carnegie Hall í New York, Walt Disney Hall í Los Angeles ásamt fjölda tónlistarhátíða í Bandaríkjunum.



Jóhann Kristinsson

EINSÖNGVARI

Barítónsöngvarinn Jóhann Kristinsson hóf söngnám hjá Bergþóri Pálssyni árið 2009 í Söngskólanum í Reykjavík. Hann stundaði mastersnám við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín hjá Scot Weir og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn árið 2017. Hann hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2017 í floknum Bjartasta vonin og var einnig tilnefndur fyrir tónlistarviðburð ársins og sem söngvari ársins.

Jóhann bar sigur úr bítum í alþjóðlegu söngkeppninni Stella Maris og hlaut einnig sérstök verðlaun frá Musikverein í Víðnarborg. Þar keppti hann fyrir hönd Ríkisóperunnar í Hamborg gegn söngvurum frá fimm öðrum fyrsta flokks óperuhúsum. Hann hefur unnið til margra annarra verðlauna, meðal annars þriðja sætið og áhorfendaverðlaun alþjóðlegu söngkeppninnar Das Lied. Meðal lærimeistara hans eru Thomas Quasthoff, Júlia Várady, Kristinn Sigmundsson og Thomas Hampson. Leikárin 2017-2019 var Jóhann meðlimur Óperustúdíósins við Ríkisóperuna í Hamborg og hefur hann síðan þá komið reglulega fram við húsið.

Jóhann hefur unnið með hljómsveitarstjórum úr fremstu röð en þar má nefna Herbert Blomstedt, Kent Nagano, Bertrand de Billy, Evu Ollikainen og Stefano Ranzani. Hann hefur einnig unnið með sífóníuhljómsveitum í fremstu röð, þar á meðal Symphonieorchester des Bayerischen Rundfunks, Orchestre national du Capitole de Toulouse, Basque National Orchestra, Bamberger Symphoniker, Copenhagen Philharmonic, Staatskapelle Halle, Philharmonisches Staatsorchester Hamburg og Sífóníuhljómsveit Íslands. Jóhann Kristinsson hefur komið fram á virtum tónlistarhátíðum svo sem Heidelberger Frühling, Oxford Lieder, Schubertiade Hohenems og Dresdner Musikfestspiele.

Vínartónlistin í ár



Tónlistin á Íslandi

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní 1952 var *Leðurblakan* frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og sýnd 35 sinnum með hléum fyrir rúmlega 20 þúsund gesti fram í lok október. Á annan í jólum 1973 var ný uppfærsla frumsýnd og urðu sýningarnar samtals 50 talsins. Íslenska óperan sýndi *Leðurblökuna* vorið 1985 og aftur fjórtán árum síðar. Það sýningaferli endaði með glæsilegri gestasýningu í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum.

Vínartónleikar hafa verið árlegur viðburður í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðan 1981. Hafa þeir um langa hríð verið langvinsælustu og fjölsóttustu tónleikar sínfóníuhljómsveitar allra landsmanna.

Líkt og á tónleikunum árið 1981 gefur **forleikurinn að Leðurblökunni**, óperettu Johanns Strauss (1825–1899), upptaktinn. Eins og verkið allt er forleikurinn listilega saman settur enda er *Die Fledermaus* eitt allra vinsælasta verk sinnar tegundar og er óperettan undantekningalaust á fjöllum beggja stóru óperuhúsanna í Vínborg í kringum áramót. Það var höfundurinn sjálfur sem stjórnaði frumflutningi verksins í Theater an der Wien í apríl árið 1874.

Efnisskrá Vínartónleikanna að þessu sinni er nú sem oft áður vörðuð af verkum valsakónsins Johanns Strauss yngri. Vinsældir verka hans eru með eindæmum enda naut hann í lífanda lífi aðdáunar og virðingar málsmetandi samtímamanna:

Johannes Brahms:

„Hann er eini maðurinn sem ég öfunda, músíkin drýpur af honum, alltaf dettur honum eitthvað í hug“.

Giuseppe Verdi:

„Ég virði hann sem einn af mínum hugvitssömustu kollegum“.

Émile Zola:

„Við rithöfundar sýnum veröldina, hversu ömurleg hún er – Strauss sýnir okkur hversu fögur hún getur verið“.

Richard Strauss:

„Fyrir 8 takta af *Wiener Blut* [óperettunni] gæfi ég heila óperu – það er miklu erfiðara að semja einn fallegan vals en heila miðlungs sínfóníu“.



Tónlistin á Íslandi

Óperetta Lehárs, *Káta ekkjan*, hefur þrisvar sinnum verið sett á fjalirnar í Reykjavík. Fyrst var hún sýnd í Þjóðleikhúsinu með litlum hléum frá 1. júní til 8. júlí árið 1956 og sáu ríflega átjánþúsund manns verkið á 28 sýningum. *Káta ekkjan* laðaði svo til sín á þriðja tug þúsunda sýningargesta í Þjóðleikhúsið árið 1978. Tæpum tveimur áratugum síðar var hún svo aftur mætt en í þetta skipti á fjalir Íslensku óperunnar við Ingólfsstræti við miklar vinsældir. Í mars 2004 setti Leikhúskórinn á Akureyri svo *Kátu ekkjuna* upp í Ketilhúsinu við Kaupvangsstræti.

Í næsta atriði erum við stödd á skrifstofu fangelsisstjórans Frank í 3. þætti óperettunnar. Frank er nýkominn þangað eftir mikla svallveislu hjá hinum rússneska Orlofsky greifa og má ekki á milli sjá hvor er drukknari, hann eða fangavörðurinn Frosch. Söngur berst úr einum fangaklefanum og er þar á ferð söngkennarinn Alfred sem stungið hafði verið í steininn í misgripum fyrir Gabriel von Eisenstein. Systurnar Ida og Adele bætast í hópinn en þær höfðu verið á fölskum forsendum í veislu greifans og hafði Frank látið vel að Adele. En nú játar hún að vera þjónustustúlka Rosalinde konu Eisensteins en biður um leið Frank um aðstoð við að ganga listagyðjunni á hönd. Í aríunni **Spiel ich die Unschuld vom Lande** leitast hún við að sanna honum hæfileika sína - leikur fyrst saklausa sveitastúlku, síðan drottningu og svo Parísardömu, eiginkonu markgreifa.

Káta ekkjan (*Die lustige Witwe*) eftir Franz Lehár (1870–1948) var frumsýnd í Theater an der Wien árið 1906 og fór strax sigurför um heiminn. Sem dæmi má nefna að verkið var sýnt samtals 777 sinnum eftir frumsýninguna í London árið 1907 áður en haldið var í sýningarferð um Bretlandseyjar. Þá hefur verkið verið kvikmyndað fjórum sinnum. Sögusviðið er París, en í óperettunni segir af ekkjunni Hönnu Galwari sem nýlega hefur erft mikil auðæfi eftir mann sinn, viðleitni stórhertogans af Pontevedro (afbökun á Montenegro, Svartfjallalandi) til að sjá til þess að hún giftist rétta manningnum í því skyni að forða föðurlandinu frá gjaldþroti, gagnkvæma ást hennar og Danilos sendiráðsritara en síðast en ekki síst staðfestu hennar sem heiðvirðrar konu. Næsta atriði gerist snemma í fyrsta þætti óperettunnar. Danilo tíundar í aríunni **O Vaterland du machst bei Tag** ýmsar afsakanir fyrir tíðum ferðum sínum á gleðistaðinn Maxim's, aðallega vinnuálagið í sendiráðinu sem kalli á upplýftingu með kampavíni og fögrum konum þar sem hann getur gleymt skyldum við föðurlandið um stund. Fyrstu ljóðlínurnar hljóða svo í íslenskri þýðingu:

Ó föðurland þú mæðir mig
því er mér ljúft að forðast þig
og helst um nætur hef ég frið
að heldri manna góðum sið



Og við dveljum enn um stund í París en þar fæddist Mélanie Hélène Bonis (1858–1937) eða Mel Bonis eins og hún kaus að láta kalla sig. Lífshlaup hennar var um margt reyfarakennt. Tónlistarhæfileikarnir komu snemma í ljós og sextán ára gömul kynntist hún hinu fræga tónskáldi César Franck og fyrir hans atbeina lá leiðin inn í Konservatoríið í París þar sem hún nam meðleik, hljómfærði og tónsmíðar en meðal skólabræðra hennar þar var Claude Debussy. Í skólanum kynntist hún Amédée Landély Hettich, ungum söngvara, rithöfund og tónlistargagnrýnanda. Þau felldu hugi saman en foreldrar hennar neituðu henni um að giftast inn í „hættulegan listaheim“ og neyddu hana til að hætta námi í skólanum. Nokkrum árum síðar var hún látin kvænast efnuðum ekkjumanni sem var 25 árum eldri en hún og var faðir fimm drengja og fylgdu honum inn í sambúðina. Mélanie, sem var mjög trúuð kona, tók hið nýja verkefni alvarlega, fæddi manni sínum þrjú börn og rak stóra fjölskyldu og tólf manna þjónustulið af mikilli samviskusemi. En stóra ástin hennar var Hettich. Hann gat henni dóttur, Madeleine, sem hún fæddi á laun á heilsuhæli í Sviss. Stúlkan var alin upp af fósturmóður en Mélanie fylgdist með uppeldi hennar úr fjarlægð. Fósturmóðirin lést þegar Madeleine var fimmtán ára gömul og tók Mélanie hana þá að sér sem munaðarlaust fórnarlamb stríðsins og kynnti hana sem guðdóttur sína. Það var ekki fyrir en Madeleine og Édouard hálfbróðir hennar urðu ástfangin, að Mélanie neyddist til að ljóstra upp sannleikanum.

Í þessari miklu hringiðu einkalífsins tókst Mélanie Bonis þó að hasla sér völl sem tónskáld, vinna til verðlauna, sinna ritarastörfum í samtökum tónskálda og semja í kringum 300 tónverk af ýmsum toga. Þar á meðal er **Valse espagnole** eða *Spænskur vals* sem var upphaflega saminn fyrir píanó en vegna mikilla vinsælda fljótlega útsettur fyrir fjórhent píanó og stuttu síðar færður í hljómsveitarbúninginn sem hljómar á tónleikunum.

Nú erum við stödd á áramótagrímuballi hins rússneska Orlofsky greifa í 2. þætti óperettunnar *Leðurblakan*. Dr. Falke hyggst hefna sín á Gabriel von Eisenstein sem réttu ári fyrir hafði skilið hann eftir á almannafæri, kófdrukinn klæddan sem leðurblöku, og orðið honum til athlægis. Á miðju ballinu birtist Rósalinda, eiginkona



Eisensteins, dulbúin sem ungversk greifynja og horfir uppá mann sinn daðra við þjónustustúlkuna Adele sem þar er í gervi leikkonu. Dr. Falke kynnir greifynjuna fyrir Eisenstein sem fer strax að dufla við hana (**Uhrenduett**) og dregur upp vasaúr til að mæla hversu lengi hún stenst hann. En Rósalinda þekkir eiginmann sinn bakvið grímuna, ruglar hann í talningunni og tekst að nappa úrinu sem hún notar síðar til þess að koma upp um ótryggyndi hans.

Johann Strauss yngri samdi **Kaiserwalzer** op. 437 árið 1888. Hann var saminn í tilefni heimsóknar Franz Josephs I Austurríkiskeisara til Wilhelms II Þýskalandskeisara 1889. Valsinn hét upphaflega *Hand in Hand (Hönd í hönd)* en Fritz Simrock útgefandi Strauss fékk hann til að breyta titlinum í *Kaiserwalzer* sem var diplómátskiðt útspil og skírskotar til beggja þjóðhöfðingjanna. Valsasyrpan er líka vissulega tignarleg og með því fegursta sem draup úr fjöður valsakónsins.

Valsinn **Wiener Blut** var frumfluttur 22. apríl árið 1873 og er í hópi vinsælustu verka Strauss. Samnefnd óperetta var síðar á öldinni sett saman af vini hans Adolf Müller yngri. Kom Strauss þar hvergi nálægt en tónlistin sótt í ýmis verk hans og reyndar líka bróður hans Josefs. Sjálfur var hann upptekinn við að semja ballettinn Öskubusku. Þekktustu söngtextahöfundar þessa tíma, þeir Victor Léon og Leo Stein, voru fengnir til að spinna söguþráð óperettunnar *Wiener Blut* sem var frumflutt 26. október 1899 tæpum fimm mánuðum eftir andlát tónskáldsins.

Óperetta Carls Millöcker (1842–1899) *Gasparone* var frumflutt í Theater an der Wien árið 1884 og í kjölfarið sýnd víða um lönd. Höfundurinn átti eftir að gera margar breytingar á verkinu en sú gerð sem oftast heyrst í dag er sú sem þýska tónskáldið Ernst Steffan gerði árið 1932. Hann bætti meðal annars aríunni **Dunkelrote Rosen** inn í óperettuna en lagið var upphaflega söngtríó í öðru verki Millöckers. *Gasparone* er farsí og söguvíðið bærinn Sýrakúsa (Siracusa) á Sikiley. Eitt af því fyndna í verkinu er að titilpersónan sést aldrei en er óspart notuð sem blóraböggull fyrir allt sem misferst í framvindu sögunnar.



Í veislu sinni til heiðurs stórhertoganum í 2. þætti óperettunnar *Káta ekkjan* eftir Lehár, syngur Hanna Galwary **Vilja-lied** (ljóð Vilju), þjóðlag frá heimalandinu sem fjallar um samskipti skógardísarinnar Vilju og ástsjúks mennsks manns.

Annen-Polka (Önnupolka) samdi Strauss árið 1852. Þetta er hægur polki sem er meðal hans þekktustu verka af þessari gerð. Ríflega þrjátíu árum síðar bætti hann sópranródd við raddskrána og notaði sem aríu hinnar létthífuðu Annínu (Schwipslied) í óperettunni *Nótt í Fenejum*.

Nú bregðum við okkur inn á óperusviðið og aftur á átjándu öldina. Ópera Mozarts um flagarann *Don Giovanni* var frumflutt í Prag árið 1787. Dísella og Jóhann syngja dúett titilpersónunnar og bóndastúlkunnar Zerlinu **La ci darem la mano** (*Réttu mér höndina ljúfan*) úr fyrsta þætti óperunnar. Don Giovanni hittir Zerlinu og unnusta hennar Masetto og í því augnamiði að losna við Masetto lofar hann að halda brúðkaup þeirra í höll sinni. Þegar Masetto er farinn reynir hann að tæla Zerlinu til lags við sig en Donna Elvira (ein af þremur aðalkvenpersónum óperunnar) kemur í veg fyrir það.

Oft hefur verið sagt að valsasyrpan **An der schönen blauen Donau** eða *Dónárvalsinn* sé óopinber þjóðsöngur Austurríkismanna. Strauss samdi verkið árið 1866 fyrir Karlakór Vínarborgar (Wiener Männergesangsverein) sem hann stjórnaði um langt skeið. Ári síðar klæddi Strauss syrpana í þann búning sem við þekkjum í dag og var hún frumflutt á heimssýningunni í París 1867. Sama ár fór valsinn sigurför um víða veröld.

Sigurður Ingví Snorrason

Á döfinni

12.01 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Hough leikur Beethoven

Breski píanóleikarinn Stephen Hough er í hópi virtustu og fjölhæfustu píanóleikara samtímans, en hann er „Listamaður í samstarfi“ hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á þessu starfsári. Hough kemur kemur tvisvar fram með hljómsveitinni á tónleikum í Eldborg nú í janúar áður en hann fylgir henni í tónleikaferð um Bretland. Á fyrri tónleikunum fimmtudagskvöldið 12. janúar leikur Hough hinn kraftmikla og dramatíska þriðja píanókoncert Beethovens, en breska stórblaðið The Times hefur lýst túlkun Houghs á verkinu sem „stórkostlegri“. Tónleikarnir hefjast hins vegar á hrifandi en lítt þekktum forleik eftir Christoph Willibald Gluck, sem var einn af brautryðjendum klassíska tímabilsins í tónlistarsögunni, ekki síst á sviði óperutónlistar. Einnig verður flutt verk litháíska tónskáldsins Ramintu Šerkšnytė, Eldar, hefur hlotið mikið lof og verið flutt víða. Verkið samdi Šerkšnytė sem nokkurs konar forspil að fimmtu sínfóníu Beethovens. Tónleikunum lýkur á eina mikilfenglegasta af hljómsveitarverkum Debussys, La mer, þar sem hljómsveitin fær að sýna allar sínar bestu hliðar.

13.01 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Portrett af Stephen Hough

EINLEIKSTÓNLEIKAR

Á föstudagstónleikum í Norðurljósum þann 13. janúar leikur Stephen Hough nokkur hrifandi og virtúósísk einleiksverk úr ólíkum áttum. Tónleikunum lýkur á upplestri hans úr einni bóka sinna og spjalli um listina og lífið, en fáir listamenn samtímans eru viðlíka fjölhæfir og Hough sem auk píanóleiksins er bæði tónskáld, rithöfundur og listmálarí. Efnisskráin ber vitni um vítt áhugasvið einleikarans: Estampes eftir Debussy er einstaklega myndræn og litrík tónlist (en estampes merkir einmitt þrykk) sem magnar upp andrúmsloft fjarlæggra slóða. En verkin tvö eftir Franz Liszt eru á hinn bóginn innblásin af bókmenntum, nánar tiltekið af verkum tveggja höfuðskálda Ítalíu, Dante og Petrarca. Á efnisskránni er einnig að finna eina af tónsmíðum Houghs sjálfs, Partítu, sem sækir innblástur jafnt til stórbrotinna trúarlegra verka fyrir orgel og tónlistar katalónska tónskáldsins Federico Mompou.



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Notalegt, ferskt og fallegt
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is

Heil sífónía fyrir sækera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

V O X
BRASSERIE & BAR



satt

SLIPBARINN

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Emma Steele
Zbigniew Dubik
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Joanna Bauer
Kateryna Mysechko
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Ragnheiður Ingunn
Jóhannsdóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Kristján Matthíasson
Joaena Hyewon Ryu
Þórdís Stross
Justyna Bidler
Hlín Erlendsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir

Víóla

Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Ásdís Runólfsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Urh Mrak
Hjörtur Páll Eggertsson

Bassi

Xun Yang
Richard Korn
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir

Óbó

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Grímur Helgason
Finn Schofield

Fagott

Brjánn Ingason
Guðrún Erlendsdóttir

Horn

Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Gunnar Helgason

Bassabásúna

David Bobroff

Harpa

Elísabet Waage

Celesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Jökull Torfason
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfisdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Guðmundur Andrés Erlingsson
sviðs- og tækniamaður

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA



Harry Potter
AND THE
CHAMBER
OF SECRETS.
— IN CONCERT —

22.–25. MARS, 2023

HARPA • REYKJAVÍK

Hljómsveitarstjóri: Timothy Henty

Miðasala á sinfonia.is • HarryPotterInConcert.com



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES • BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (s22)

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring